**Langtímakröfur:**

| | | |
|---|---|---|
| Skuldabréfaeign | kr. | 191 866 346.00 |
| Langtímakröfur alls | kr. | 191 866 346.00 |

**Fastafjármunir:**

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld | kr. | 203 075.00 |
| Fasteign | — | 2 817 079.00 |
| Fastafjármunir alls | kr. | 3 020 154.00 |
| Eignir samtals | kr. | 280 413 739.00 |

**Skuldir og eigið fé:**

**Skammtímaskuldir:**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreiddir reikningar | kr. | 120 820.00 |
| Áfallnir vextir | — | 1 922 277.00 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | — | 408 590.00 |
| Hrein eign séreignadeildar | — | 55 362 326.00 |
| Ýmis sveitarfélög | — | 82 233.00 |
| Skammtímaskuldir alls | kr. | 57 896 246.00 |

**Langtímaskuldir:**

| | | |
|---|---|---|
| Föst lán | kr. | 43 000 000.00 |
| Langtímaskuldir alls | kr. | 43 000 000.00 |
| Skuldir samtals | kr. | 100 896 246.00 |

**Eigið fé:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Hrein eign 1. jan. 1975 | kr. | 135 696 164.66 | | |
| Tekjur umfram gjöld 1975 | — | 43 821 328.34 | | |
| | | | kr. | 179 517 493.00 |
| Eigið fé alls | | | kr. | 179 517 493.00 |
| Skuldir og eigið fé samtals | | | kr. | 280 413 739.00 |

Reykjavík, 19. febrúar 1976.

**Magnús E. Guðjónsson,**
framkvstj.

**Birgir L. Blöndal,**
aðalbókari.

Nr. 309.

# REIKNINGUR

## Bjargráðasjóðs 1976.

### Rekstrarreikningur fyrir árið 1976.

Gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| Stjórnunar- og skrifstofukostnaður | kr | 6 329 986 |
| Rekstur fasteignar | — | 295 278 |

| | | |
|---|---|---|
| Styrkir | — | 23 071 788 |
| Vextir | — | 5 075 356 |
| Innheimtulaun | — | 511 835 |
| Fyrningar | — | 30 532 |
| Tekjur umfram gjöld | — | 41 908 443 |
| | kr. | 77 223 218 |

Tekjur:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Framlag ríkissjóðs | | | kr. | 36 543 407 |
| Framlög sveitarfélaga | kr. | 10 951 650 | | |
| Gjald af söluv. landbúnaðarvara | — | 25 591 757 | | |
| | | | kr. | 36 543 407 |
| Vextir | | | — | 2 174 844 |
| Lántökugjöld | | | — | 1 211 560 |
| Húsaleiga | | | — | 750 000 |
| | | | kr. | 77 223 218 |

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1976.**

Eignir:

| | | |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | |
| Innstæður á bankareikningum | kr. | 9 703 688 |
| Innstæða séreignadeildar | — | 25 228 824 |
| Óhafnir vextir | — | 146 772 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | — | 11 905 |
| Ríkissjóður | — | 11 543 407 |
| Veltufjármunir alls | kr. | 46 634 596 |
| **Langtímakröfur:** | | |
| Skuldabréfaeign | kr. | 258 187 431 |
| Langtímakröfur alls | kr. | 258 187 431 |
| **Fastafjármunir:** | | |
| Áhöld | kr. | 157 543 |
| Fasteign | — | 19 032 564 |
| Fastafjármunir alls | kr. | 19 190 107 |
| Eignir alls | kr. | 324 012 134 |

Skuldir og eigið fé:

| | | |
|---|---|---|
| **Skammtímaskuldir:** | | |
| Ógreiddir reikningar | kr. | 139 835 |
| Áfallnir vextir | — | 1 631 605 |
| Viðskiptamenn | — | 16 000 |
| Hrein eign séreignadeildar | — | 62 583 273 |
| Skammtímaskuldir alls | kr. | 64 370 713 |
| **Langtímaskuldir:** | | |
| Föst lán | kr. | 22 000 000 |
| Langtímaskuldir alls | kr. | 22 000 000 |

**Eigið fé:**

| | | |
|---|---|---|
| Hrein eign 1. jan. 1976 ........................ | kr. 179 517 493 | |
| Tekjur umfram gjöld 1976 ..................... | — 41 908 443 | |
| | kr. 221 425 936 | |
| Hækkað lóðar- og húsamat ..................... | — 16 215 485 | |
| | | kr. 237 641 421 |
| Eigið fé alls | | kr. 237 641 421 |
| Skuldir og eigið fé samtals | | kr. 324 012 134 |

Reykjavík, 21. febrúar 1977.

**Magnús E. Guðjónsson,**
framkvstj.

**Birgir L. Blöndal,**
aðalbókari.

12. ágúst 1977. Nr. 310.

# REGLUGERÐ

## fyrir Fiskveiðasjóð Íslands um lánaflokka.

1. gr.

Stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands hefur hinn 1. janúar 1972 stofnað til nýrra lánaflokka, sem nánar eru greindir í 2. gr., sem sett er til staðfestingar þessara flokka og skilmála þeirra.

2. gr.

**A. Skipalán II.**

**1. Lán vegna nýsmíði stál- eða eikarskipa innanlands.**

Lánsfjárhæð má hæst vera 75% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 18 ár.

**2. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í stál- eða eikarskip, svo og vegna heimsiglingarkostnaðar skipa, sem keypt eru erlendis.**

Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði sbr. 4. gr. vegna endurbóta og tækjakaupa, en 66.7%—75% vegna meiriháttar endurbóta og 80% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 5 ár vegna tækjakaupa, 5—7 ár vegna endurbóta, 7 ár vegna kaupa á aflvél og 7—10 ár vegna meiriháttar endurbóta. Um lánstíma og hámark heimsiglingarlána fer eftir aðalláni. Áskilin er sérstök aukatrygging ef skip er orðið 25 ára.

**3. Lán vegna nýsmíði súðbyrgðinga, 12 rúmlesta og minni furubáta og plastbáta, innanlands.**

Lánsfjárhæð má hæst vera 70% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr. Hámarkslánstími skal vera 8 ár.

**4. Lán vegna endurbóta á og/eða vegna véla- og tækjakaupa í súðbyrgðinga og 12 rúmlesta og minni furubáta og plastbáta.**

Lánsfjárhæð má hæst vera 50% af mats- eða kostnaðarverði, sbr. 4. gr., vegna endurbóta og tækjakaupa, en 50—70% vegna meiriháttar endurbóta og 50% vegna kaupa á aflvél. Hámarkslánstími er 3 ár vegna tækjakaupa, 3—5 ár vegna endurbóta, 5 ár vegna kaupa á aflvél og 5—7 ár vegna meiriháttar endurbóta. Áskilin er sérstök aukatrygging ef bátur er orðinn 12 ára.